

Borgarráð

### *Viðaukar við fjárhagsáætlun 2017*

#### **1. Viðauki vegna kjarasamnings við Félag grunnskólakennara**

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs vegna ársins 2017 verði hækkaðar um 1.449.483 þkr og fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 1.170 þkr. vegna kostnaðaráhrifa kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara, sem tók gildi þann 1. desember 2016. Kostnaðaraukinn, samtals 1.450.653 þkr., verði fjármagnaður af kostnaðarstað 09126, Launa- og starfsmannakostnaður og færist á viðeigandi kostnaðarstaði á sviðunum. Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar. Fjármálastjóra verði falið að útfæra breytingarnar á kostnaðarstaði í samráði við skóla- og frístundasvið og velferðarsvið.

#### **2. Viðauki vegna kjarasamnings við Félag leikskólakennara**

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs vegna ársins 2017 verði hækkaðar um 115.844 þkr og fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 1.275 þkr. vegna kostnaðaráhrifa kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara, sem tók gildi með nýjum samningi við Félag grunnskólakennara frá því í desember 2016. Kostnaðaraukinn, samtals 117.119 þkr., verði fjármagnaður af kostnaðarstað 09126, Launa- og starfsmannakostnaður og færist á viðeigandi kostnaðarstaði á sviðunum. Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar. Fjármálastjóra verði falið að útfæra breytingarnar á kostnaðarstaði í samráði við skóla- og frístundasvið og velferðarsvið.

#### **3. Viðauki vegna innleiðingar á nýju mannaúts- og launakerfi SAP**

Lagt er til að fjárheimildir á kjaradeild fjármálaskrifstofu verði hækkaðar um 23.000 þkr á árinu 2017 vegna aðgerðaáætlunar sem snýr að innleiðingu á nýju mannaúts- og launakerfi SAP, sbr. aðgerðaáætlun dags. 9. feb. sl. og kynnt er í máli R15060076. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð 09205 og færist á kostnaðarstað 01245 Kjaradeild.

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

*Greinargerð:*

Gert er ráð fyrir að ráða 1 viðbótarstarfsmann í kerfisstjórn kjaradeildar og 2 launafulltrúa til að takast á við mikið álag á starfsemi deildarinnar vegna innleiðingar á nýju mannauðs- og launakerfi. Í aðgerðaáætlun sem kynnt er í máli R15060076 er meginviðfangsefnum viðkomandi starfsmanna lýst og hvernig gert er ráð fyrir að takast á við þau brýnu verkefni sem fyrir liggja vegna innleiðingar á kerfinu.

Dagur B. Eggertsson